

til fiskveiða frá Selárdal, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi innan takmarka hreppsins, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarbótasjóð, þegar byrjað er á verkinu. 70
28. des.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarbótasjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 15. desember ár hvert skal stjórn lendingarbótasjóðs semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Stjórn lendingarbótasjóðs skal í ársbyrjun gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðna árinu. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Ketildalahrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, sem lýtur að stjórn lendingarbótasjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, upphæð vörugjalds, báta- og bryggjugjöld o. fl. Í reglugerð má ákveða um sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr., og renni sektir í lendingarbótasjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 28. desember 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um breyting á hafnarlögum fyrir Neskaupstað nr. 66 4. júlí 1942.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Til hafnargerðar og dráttarbrautar í Neskaupstað veitist úr rikissjóði $\frac{2}{5}$ kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 580000.00 — fimm hundruð og áttatíu þúsund krónum — gegn $\frac{3}{5}$ hlutum úr hafnarsjóði Neskaupstaðar.

71

30. des.

2. gr. laganna skal orða svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 870000.00 — átta hundruð og sjöttu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Neskaupstaðar kann að fá til hafnargerðar og byggingar dráttarbrautar, gegn ábyrgð bæjarsjóðs. Framlagið úr ríkissjóði og ábyrgð þessi er bundin því skilyrði, að yfirmensjón með verkinu og reikningshaldi sé falin manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

3. gr.

11. gr. laganna skal orða svo:

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, sem hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á höfn Neskaupstaðar, og farmi þeirra:
 - a. Lestargjald (hafnargjald).
 - b. Vitagjald.
 - c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
 - d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
 - e. Festargjald af skipum þeim, er nota festar hafnarinnar.
 - f. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heima eiga innan lögsagnarumdæmis Neskaupstaðar og leggja afla sinn á land innan sömu takmarka eða hafa þar uppsátur.
 - g. Brautargjald af skipum og bátum, sem nota dráttarbraut hafnarinnar.
 - h. Uppsátursgjald af skipum og bátum, sem upp eru settir í dráttarbrautinni og færðir til hliðar til geymslu eða viðgerðar.

Gjöld þessi sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar skulu ákveðin í reglugerð, sem bæjarstjórn semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulíð 2 a. og b.

4. gr.

18. gr. laganna skal orða svo:

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hafnarnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvikjandi, er við þykir eiga, svo og um aðgang og notkun almennings á dráttarbraut og öðrum mannvirkjum hafnarinnar. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renni í hafnarsjóð.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. desember 1944.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.